

Berist til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

Reykjavík, 18. mars 2021

**Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands varðandi kosningaaldur**

UNICEF á Íslandi lýsir ánægju með að lagt sé til að lækka kosningaaldur í 16 ár. Lækkun kosningaaldurs mætir kröfum um aukna þátttöku barna og ungmenna í lýðræðislegu samfélagi, en í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru borgaraleg réttindi barna ítrekuð, þ.e. skoðana- og tjáningarfrelsi, félagafrelsi og rétturinn til upplýsinga. Samkvæmt Barnasáttmálanum skulu börn öðlast sífellt meira sjálfstæði eftir því sem þau eldast og nálgast fullorðinsár. Hlutverk fjölskyldu þeirra breytist frá því að veita ungum börnum umönnun og leiðsögn yfir í að veita eldri börnum í ráðgjöf og stuðning og að lokum í samskipti á jafningjagrundvelli.<sup>1</sup>

Aukin þátttaka barna og ungmenna krefst ekki eingöngu aðgengi að ákvörðunartöku, heldur einnig aðgengi að upplýsingum sem eru í samræmi við þroska og aldur þeirra. Samhliða lækkun kosningaaldurs ætti því jafnframt að leggja aukna áherslu á að bæta fræðslu um stjórnsmál á þeim vettvangi þar sem börn eru, á öllum skólastigum, í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum, ásamt því að efla til muna borgaravitund og lýðræðislega nálgun í öllu starfi með börnum. Merkingarbær þátttaka barna í öllum ákvörðunum sem þau varðar eru jafnt mikilvæg réttindi og tækifæri til að skapa betra samfélag.

Skuggakosningar barna eru ein leið til þess að virkja börn og ungmenni og undirbúa fyrir þátttöku í kosningum. Vert er að ítreka að aukin þátttaka barna leggur jafnframt auknar skyldur á herðar stjórnvalda, skóla og samfélagsins alls að virða rétt barna til skoðana, tjáningar og félagafrelsis.

Virðingarfyllst,



---

Birna Þórarinsdóttir  
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

---

<sup>1</sup> Almenn athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 12 (2009) Virðing fyrir skoðunum barna. Sótt 17. mars 2021: <https://resourcecentre.savethechildren.net/node/5040/pdf/5040.pdf>